

Bætt samkeppnisstaða Íslands
til aukinnar verðmætasköpunar og atvinnu

Fyrirlestrar - Erindi

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti
Fjármálaráðuneyti
Nóvember 1996

Efnisyfirlit

INNGANGUR	3
I. ALÞJÓÐLEG ÞRÓUN	5
ÁVARP	6
<i>Finnur Ingólfsson, iðnaðar- og viðskiptaráðherra</i>	<i>6</i>
SAMKEPPNISHÆFNI - LEIÐ TIL BÆTTRA LÍFSKJARA.....	10
<i>Davíð Sch. Thorsteinsson</i>	<i>10</i>
STEFNA Á SVIÐI SAMKEPPNISSEMIÞRÓUNARÍ KANADA - FRAMLEIÐNI OG ATVINNA.....	21
<i>Jerry Beausoleil, framkvæmdastjóri stefnumörkunarsviðs kanadíska iðnaðarráðuneytisins</i>	<i>22</i>
STEFNA Á SVIÐI SAMKEPPNISHÆFNI Í NOREGI – HELSTU VERKEFNI OG STEFNUSVIÐ.....	36
<i>Tor Hernæs framkvæmdastjóri stefnumörkunarsviðs norska iðnaðar- orkumálaráðuneytisins.....</i>	<i>36</i>
STEFNA Á SVIÐI SAMKEPPNISHÆFNI Í BRETLANDI - SKILNINGUR Á MIKILVÆGI SAMKEPPNISHÆFNI.....	51
<i>R.C. Dobbie, framkvæmdastjóri samkeppnishæfnisdeildar breska forsætisráðuneytisins.....</i>	<i>51</i>
STEFNA Á SVIÐI SAMKEPPNISHÆFNI Á ÍSLANDI - ALMENNAR AÐGERÐIR - LEIÐIR TIL ÚRBÓTA	69
<i>Þórður Friðjónsson, forstjóri Þjóðhagsstofnunar</i>	<i>69</i>
SAMKEPPNISSTEFNA - RAUNHÆFIR MÖGULEIKAR Í ALÞJÓÐLEGU SAMHENGI.....	75
<i>Hans Peter Gassmann, framkvæmdastjóri iðnaðarsviðs OECD</i>	<i>75</i>
II. ÁHERSLUR TIL BÆTTRAR SAMKEPPNISSTÖÐU.....	94
ÁHERSLUR Í SAMKEPPNISHÆFNI	95
<i>Sigurður Helgason, forstjóri Flugleiða.....</i>	<i>95</i>
VIÐHORF VERKALÝÐSHREYFINGARINNAR.....	115
<i>Gylfi Arnbjörnsson.....</i>	<i>115</i>
STAÐA, ÁHERSLUR OG AÐFERÐIR	125
<i>Vigdís Wangchao Bóasson, MBA, viðskiptaráðgjafi.</i>	<i>125</i>
HVER ER FRAMTÍÐ OKKAR Á 21. ÖLDinni - SJÓNARMÍÐ UNGA FÓLKSINS.....	133
<i>Albertína Elíasdóttir, nemi Ísafirði.....</i>	<i>133</i>
III. SAMANTEKT OG NIÐURSTÖÐUR	136
STJÓRN MÁL OG SAMKEPPNISHÆFNI.....	137
<i>Friðrik Sophusson, fjármálaráðherra</i>	<i>137</i>

ISBN 9979-871-14-8

Inngangur

Þann 26. september 1996 var í Reykjavík haldin ráðstefna um stöðu Íslands í alþjóðlegri samkeppni. Að ráðstefnunni stóðu ráðuneyti iðnaðar- og viðskipta, fjármálaráðuneytið svo og nefnd um lítil og meðalstór fyrirtæki og samkeppnishæfni atvinnulífs.

Á ráðstefnunni var fjallað um mótun samkeppnisstefnu hjá nokkrum ríkjum innan OECD, svo sem einföldun laga og reglugerða, einkavæðingu, lítil og meðalstór fyrirtæki, stuðningskerfi atvinnulífsins, áhættufjármagn, upplýsingatækni, rannsóknir og þróun, menntun og þjálfun o.fl.

Með ráðstefnunni var stefnt að því að draga lærdóm af reynslu þessara þjóða og á hvern hátt megi heimfæra það sem best hefur tekist erlendis til íslenskra aðstæðna. Auk þess var rætt um innlendar aðgerðir á þessu sviði og er ráðstefnan hluti af starfi stjórnvalda til að bæta samkeppnisstöðu Íslands.

Margir góðir gestir komu til ráðstefnunnar. Má þar m.a. nefna framkvæmdastjóra iðnaðarsviðs OECD, Hans Peter Gassmann, og sérfræðinga frá Bretlandi, Kanada og Noregi. Þeir kynntu hver stefnumótun stjórnvalda síns heimalands til aukinnar samkeppnishæfni en þeir eru helstu sérfræðingar á þessu sviði í viðkomandi löndum. Frá Bretlandi kom t.d. R.C. Dobbie, helsti ráðgjafi Majors forsætisráðherra, en hann veitir forstöðu sérstakri deild á þessu sviði í breska forsætisráðuneytinu.

Finnur Ingólfsson iðnaðar- og viðskiptaráðherra og Friðrik Sophusson fjármálaráðherra, og Davíð Scheving Thorsteinsson, formaður nefndar um lítil og meðalstór fyrirtæki ávörpuðu ráðstefnuna, auk annarra innlendra og erlendra fyrirlesara.

Íslenskt atvinnulíf er á æ fleiri sviðum að verða hluti af hinum alþjóðlega markaði og keppinautar þess því í vaxandi mæli fyrirtæki út um allan heim, sem þau verða að standast samkeppni við eigi að vera unnt að stuðla að aukinni verðmætasköpun, atvinnu og bættum lífskjörum. Samkeppnisstefna einstakra ríkja byggir í auknum mæli á almennri og víðtækri stefnumótun í stað sérgreindrar atvinnustefnu byggðri á hagsmunum einstakra atvinnugreina. Mikilvægi stefnumótunar stjórnvalda til aukinnar samkeppnishæfni atvinnulífs og verðmætasköpunar með almennum aðgerðum hefur því aukist með vaxandi samkeppni þjóða, ekki síður en mikilvægi stefnumótunar innan fyrirtækjanna sjálfra.

Með ráðstefnunni gafst einstakt tækifæri til að kynna sér það helsta sem aðhafst er í næstu nágranna- og samkeppnislöndum til eflingar atvinnulífsins og hvaða aðgerðir og stefnumið eru stjórnvöldum tiltæk hér á landi til að bæta samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs í framtíðinni.

Bætt samkeppnisstaða Íslands
til aukinnar verðmætasköpunar og atvinnu
Ráðstefna haldin á Hótel Loftleiðum
fimmtudaginn 26. september 1996 kl. 9:00-16:00

Dagskrá

9:00 Skráning og afhending gagna.

I. Alþjóðleg þróun

9:30 **Ávarp:**

Finnur Ingólfsson, iðnaðar- og viðskiptaráðherra.

9:45 **Samkeppnishæfni, leið til bættra lífskjara:**

Davíð Scheving Thorsteinsson, formaður nefndar um lítil og meðalstór fyrirtæki og samkeppnishæfni atvinnulífs.

10:00 **Samkeppnisstefna í Kanada - framleiðni og atvinna: 1)**

Jerry Beausoleil, framkvæmdastjóri stefnumörkunarsviðs kanadíska iðnaðarráðuneytisins.

10:30 Kaffihlé.

11:00 **Samkeppnisstefna í Noregi - helstu verkefni og stefnumið: 1)**

Tor Hernæs framkvæmdastjóri stefnumörkunarsviðs norska iðnaðar- orkumálaráðuneytisins.

11:30 **Samkeppnisstefna í Bretlandi - skilningur á mikilvægi samkeppnishæfni: 1)**

R.C. Dobbie, framkvæmdastjóri samkeppnishæfnisdeildar breska forsætisráðuneytisins.

12:00 Hádegisverður.

13:15 **Samkeppnisstefna á Íslandi - almennar aðgerðir - leiðir til úrbóta: 1)**

Þórður Friðjónsson, forstjóri Þjóðhagsstofnunar.

13:45 **Samkeppnisstefna - raunhæfir möguleikar í alþjóðlegu samhengi: 1)**

Hans Peter Gassmann, framkvæmdastjóri iðnaðarsviðs OECD.

14:15 Kaffihlé.

II. Áherslur til bættrar samkeppnisstöðu

14:30 **Áherslur í samkeppnishæfni: 2)**

Sigurður Helgason, forstjóri Flugleiða.

14:50 **Viðhorf verkalýðshreyfingar: 2)**

Gylfi Arnbjörnsson, hagfræðingur ASÍ.

15:10: **Staða, áherslur og aðferðir: 2)**

Vigdís Wangchao Bóasson, MBA, viðskiptaráðgjafi.

15:10: **Hver er framtíð okkar á 21. öldinni - sjónarmið unga fólksins:**

Albertína Elíasdóttir, nemi Ísafirði.

III. Samantekt og niðurstöður

15:30 **Stjórnsmál og samkeppnishæfni:**

Friðrik Sophusson, fjármálaráðherra.

15:50 **Ráðstefnulok.**

Fundarstjórar 9:00 - 12:00, Páll Kr. Pálsson, forstjóri, Sól hf. og

13:15 - 15:50, Guðrún Pétursdóttir, forstöðumaður Sjávarútvegsstofnunar H.Í.

Skráning: Afgreiðsla iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis, sími: 560-9420.

Innlendir fyrirlestrar verða á íslensku, erlendir á ensku en þýtt verður jafnóðum.

Verð: Aðgangseyrir á ráðstefnuna er kr. 8.500.

1) Meðtalið er, 5 - 10 mínútur, spurningar og svör. 2) Meðtalið er, 3 - 5 mínútur, spurningar og svör.

*Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, fjármálaráðuneyti,
Nefnd um lítil og meðalstór fyrirtæki og samkeppnishæfni atvinnulífs*

I. Alþjóðleg þróun

Ávarp

Finnur Ingólfsson, iðnaðar- og viðskiptaráðherra

I.

First of all, it is a pleasure to welcome to this Conference on Competitiveness Policy all our foreign guests, Mr. Gassmann from OECD, Mr. Dobbie from the United Kingdom, Mr. Bausoleil from Canada and Mr. Hernæs from Norway. We appreciate very much the time and effort they have spent in coming to Iceland and I look forward to their presentations. Allow me to revert back to Icelandic for some brief opening remarks.

II.

Ágætu ráðstefnugestir.

Mikilvægasta verkefni stjórnvalda og atvinnulífs á næstu árum er að greina styrkleika Íslands í alþjóðlegu viðskiptaumhverfi og finna leiðir til að nýta auðlindir og mannauð til atvinnusköpunar. Vöxtur og nýsköpun ræðst af hæfni fyrirtækjanna til að byggja á styrk Íslands. Stjórnvöld þurfa að móta almenna umgjörð og almennar stuðningsaðgerðir sem styðja fyrirtækin á þeirri braut. Skipulega er unnið að því í ráðuneytum iðnaðar, viðskipta og fjármála. Fjármálaráðuneytið gaf síðastliðið vor út skýrslu nefndar forystumanna í atvinnulífi um bætt samkeppnisstöðu Íslands. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti hefur um eins árs skeið kannað leiðir til að bæta vaxtarskilyrði lítilla og meðalstórra fyrirtækja og hefur sérstök nefnd leitt það starf.

Ráðstefna þessi er hluti af þessari viðleitni og er ætlað að auka umfjöllun um þau atriði sem bætt geta samkeppnisstöðu Íslands. Jafnframt þarf að draga lærdóm af reynslu nágrannalanda og heimfæra það sem best hefur tekist erlendis yfir á íslenskar aðstæður.

Fljótlega verður dreift nýútkomnu riti um bætt samkeppnisstöðu Íslands. Að ritinu hefur verið unnið í iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti í samstarfi við fjármálaráðuneyti. Í ritinu er útlistuð stefna ríkisstjórnarinnar á sviðum er varða samkeppnishæfni atvinnulífs. Lögð er áhersla á það að samkeppnisstaða verður ekki bætt með því að einblína á einn þátt umfram annan heldur mótast samkeppnisstaða af mörgum samverkandi þáttum. Ég vonast til að ritið verði þarft innlegg í umræðuna um bætt samkeppnisstöðu Íslands en nánari útfærsla ritsins er væntanleg innan tíðar.

III.

Íslenskt atvinnulíf býr við hagstæð efnahagsskilyrði um þessar mundir. Batinn í efnahagslífinu gefur svigrúm til að stuðla að nauðsynlegum búaðtabreytingum í

íslensku atvinnulífi og til þess að leggja grunn að enn frekari framfarasókn. Rétt greining á styrk Íslands mun ráða miklu um framtíð þjóðarinnar hvernig til tekst á næstu árum.

Í þessu sambandi er forvitnilegt að velta vöngum yfir stöðu Íslands. Í nýútkominni skýrslu World Economic Forum um alþjóðlega samkeppnisstöðu kemur fram að Ísland er í 25. sæti 46 ríkja. Við erum, sem sagt, um miðjan hóp ríkustu þjóða veraldar. Helstu styrkleikar hagkerfisins eru, samkvæmt þessari skýrslu, fólkið í landinu og innviðir þjóðfélagsins. Ísland fær meðaleinkunn fyrir efnahagslegan styrkleika, stjórnvöld, stjórnun fyrirtækja og vísindi og tækni. Ljóst er af lestri skýrslunnar að bæta má verulega samkeppnisstöðuna með því að nýta betur tækifæri tengd aukinni alþjóðavæðingu atvinnustarfsemi og með styrkingu á fjármagnsmarkaði.

IV.

Umræða um bættu samkeppnisstöðu Íslands varðar fyrst og fremst framtíðina, þótt ávallt sé hollt að líta yfir farinn veg. Hvernig getum við stuðlað að vexti og viðgangi íslensks atvinnulífs? Þetta er lykilspurning. Atvinnulífið er aflið sem knýr vélina áfram. Stjórnvöld sjá síðan um að smyrja vélina svo hún gangi snurðulaust og hiksti ekki. Aflið er fyrirtækjanna. Um það efast enginn sem fór á sjávarútvegssýninguna um síðustu helgi og varð vitni að allri þeirri grósku sem einkennir íslenskan sjávarútveg og þann hátækniiðnað sem myndast hefur með sjávarútveg að bakhjarli. Þessi iðnfyrirtæki búa við öflugan heimamarkað og nýta sér þá þekkingu sem þau öðlast heima fyrir þegar þau sækja út fyrir landsteinanna. Það fé sem fyrirtækin leggja í atvinnustarfsemi erlendis skilar sér margfalt til baka fyrir íslenskt þjóðarbú. Þannig hafa til að mynda Danir metið að hver króna sem varið er til fjárfestingar erlendis skili þremur og hálfri krónu til baka inn í danskt þjóðarbú.

Samkeppnisstaða einstakra ríkja byggir í auknum mæli á almennri og víðtækri stefnumótun í stað sérgreindrar atvinnustefnu byggðri á hagsmunum einstakra atvinnugreina. Með ört stækkandi alþjóðlegum markaði eykst einnig samkeppni milli þjóða. Mikilvægi stefnumótunar stjórnvalda til aukinnar samkeppnishæfni atvinnulífs hefur aukist með vaxandi samkeppni þjóða, ekki síður en mikilvægi stefnumótunar innan fyrirtækja.

Til að auka samkeppnisstöðu atvinnulífs dugar ekki að beina spjótum að einu eða fáum sviðum. Við verðum að samhæfa aðgerðir á öllum sviðum til að ná sem bestum árangri. Þessu standa fyrirtæki frammi fyrir í sínum rekstri. Hið sama á við um þjóðfélagið í heild. Engin keðja er sterkari en veikasti hlekkurinn.

V.

Búa þarf atvinnulífinu gott heildarumhverfi til að nýta styrkleika Íslands, þ.e. - stöðugt efnahagsumhverfi, - einfalt laga- og reglugerðarumhverfi, - traustan

fjármagnsmarkað, - frjálst utanríkisviðskiptaumhverfi, - aukin erlend fjárfesting, - skilvirkar stuðningsaðgerðir og þekkingarumhverfi. Ég vil í orstuttu máli tæpa á hlutverki stjórnvalda varðandi hvern þessara þátta.

Hlutverk stjórnvalda varðandi efnahagsumhverfið er að búa svo um hnúta að stöðugleiki haldist, verðbólga verði sambærileg og í viðskiptaríkjum og samkeppnisstaða, mæld með raungengi, versni ekki. Stjórnvöld skulu stuðla að því að skattaumhverfi sé svipað og gerist meðal viðskiptaríkja. Stjórnvöld eiga einnig að koma því til leiðar að virk samkeppni ríki á sem flestum sviðum atvinnulífs.

Bæta þarf laga- og reglugerðarumhverfi með því að einfalda og grisja lög og reglugerðir. Einfalda þarf skrifinnsku varðandi stofnun fyrirtækja sem og almenn samskipti fyrirtækja við stjórnvöld. Nýta þarf upplýsingatækni í auknum mæli til að bæta aðgang atvinnulífsins að upplýsingum. Síðast en ekki síst er brýn þörf á að gera laga- og skattaumhverfið stöðugra þannig að atvinnulífið geti treyst því að ekki sé verið að tjalda til einnar nætur.

Varðandi utanríkisviðskiptaumhverfi er hlutverk stjórnvalda fyrst og fremst að stuðla að því að hér ríki alþjóðlegt viðskiptaumhverfi, góð skilyrði séu til frjálsra viðskipta og vörur, fé og fólk geti flutt óhindrað milli landa. Stjórnvöld skulu einnig gera tvísköttunar- og fjárfestingarsamninga eins og kostur er.

Á fjármagnsmarkaði skulu stjórnvöld í auknum mæli beina athyglinni að flóknari fjárfestingarfyrirgreiðslu svo sem verkefnafjármögnun og beinni áhættufjármögnun. Þar er þörfin brýnust því að reynslan sýni, hér á landi sem erlendis, að einkafjármagnið leitar síður á þau áhættusömu mið. Í flestum ríkjum sem búa við þróaðan fjármagnsmarkað hafa stjórnvöld einskorðað beina þátttöku sína við áhættufjármögnun en hætt afskiptum af viðskiptabankastarfsemi.

Stjórnvöld þurfa að skapa hagstæð skilyrði fyrir beinar fjárfestingar milli ríkja. Þar er bæði þörf aukinnar fjárfestingar erlendra aðila hér á landi og fjárfestingar Íslendinga erlendis. Alþekkt er að áhugi erlendra aðila á beinni fjárfestingu á Íslandi hefur lengst af verið takmarkaður. Bein erlend fjárfesting hefur verið sáralítill hér á landi en víðast hvar erlendis nemur hún 2-3% af landsframleiðslu á hverju ári. Erlend fjárfesting hefur mikil margfeldisáhrif í þjóðarbúskapnum og styður því vöxt lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

Stuðningsaðgerðir eru mikilvægur hlekkur í keðjunni. Hér er um að ræða almennar stuðningsaðgerðir sem örva atvinnulíf en eru ekki markaðstruflandi. Þetta eru til að mynda aðgerðir á sviði þjálfunar, þekkingaröflunar, ráðgjafar, samstarfs fyrirtækja, upplýsingamiðlunar, útflutnings, rannsókna, vöruþróunar og stofnunar fyrirtækja. Þessar aðgerðir eru sérstaklega mikilvægar við að hjálpa smáfyrirtækjum og frumkvöðlum til að koma nýjum hugmyndum í framkvæmd.

Síðasti hlekkurinn í keðjunni er þekkingarumhverfi. Mikilvægi menntunar og rannsókna- og þróunarstarfs verður seint ofmetið í þekkingarsamfélagi

nútímans. Fyrirtæki verða að sækja þekkingu til fólksins í landinu. Fólkið er okkar helsta auðlind.

VI.

Góðir ráðstefnugestir.

Þessir sjö hlutar sem ég hef rakið mynda eina samverkandi heild. Ekki er hægt að segja að einn hluti öðrum fremur leiði til betri samkeppnisstöðu. Ef stjórnvöld móta farsæla umgjörð á þessum sjö sviðum þá efast ég ekki um getu atvinnulífsins til að byggja á styrk Íslands, auðlindum og mannaúði. Vísbendingar benda til að störfum muni fjölga á þessu ári um tæplega þrjú þúsund. Flest þessara starfa eru í iðnaði, verslun, þjónustu og samgöngum. Þetta eru góð tíðindi og sýnir hvers atvinnulífið er megnugt fái það hagstæð skilyrði til vaxtar. Við erum að byggja grunninn og verðum að halda áfram á sömu braut.

Atvinnulífið þarf að byggjast á vexti og viðgangi lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Þau eru hvarvetna burðarásar hagvaxtar. Vissulega mun stóriðja vera mikilvæg viðbót við þann vöxt og styðja vöxt smárra fyrirtækja. Við getum hins vegar ekki vænst að stóriðja verði grundvöllur efnahagslegra framfara á næstu áratugum og auðlindir hafins eru ekki lengur óþrjótandi ávísun á verðmæti. Sá auður sem í fólkinu býr skiptir því sköpum í harðnandi samkeppni. Það verðum við að hafa í huga við mótun samkeppnisstefnu.

Samkeppnishæfni - leið til bættra lífskjara.

Davíð Sch. Thorsteinsson

Ráðherrar, fundarstjóri, ágætu ráðstefnugestir.

Það er sem formaður nefndar iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis um lítil og meðalstór fyrirtæki, sem ég ávarpa ykkur hér í dag.

Í nefndinni eiga sæti fulltrúar viðskipta- fjármála- og sjávarútvegsráðuneyta, Byggðastofnunar, atvinnuveganna og aðila vinnumarkaðarins og í erindisbréfi nefndarinnar segir m.a. að nefndin skuli :

1. Kanna þá möguleika, sem EES samningurinn skapar fyrir íslenskt atvinnulíf.
Höfum við gefið út upplýsingarit um Evrópuverkeni á sviði lítilla og meðalstórra fyrirtækja.
2. Vinna að mótun sérstakrar atvinnuþróunar- og nýsköpunarstefnu er miði að aukinni samkeppnishæfni atvinnulífs.
Er ráðstefna þessi haldin sem liður í því starfi.

Að fenginni margra áratuga reynslu höfum við í nefndinni komist að þeirri niðurstöðu að ekki sé vænlegt til árangurs að skrifa enn eina stóra skýrslu með ótal tillögum. Nóg er komið af skýrslum, sem stungið er undir stól.

Vænlegra til árangurs sé að nota svokallaða spægipylsu aðferð, það er að koma fremur með einfaldar, auðframkvæmanlegar og hnitmiðaðar tillögur, sem miði að því að auka samkeppnishæfni atvinnulífsins.

Sem dæmi má nefna tillögur frá nefndinni um :

að meta skuli stjórnarfrumvörp á frumvapsstigi, þ.e. þau áhrif, sem lögín mundu hafa á á samkeppnishæfni atvinnulífsins, ef samþykkt yrðu,

að fara skuli fram athugun á fjármagnskostnaði fyrirtækja héraendis miðað við helstu samkeppnislönd,

að frádráttur vegna eftirstöðva rekstrartapa verði framlengdur til allt að 10 ára í stað 5 ára, eins og nú er og

að einfalda lög og reglugerðir, sem snerta atvinnulífið og aðgang atvinnulífsins að þeim.

Ég held að þessi aðferð sé nokkuð góð og sér þess þegar stað, því nokkrar af tillögum nefndarinnar hafa þegar hlotið blessun ríkisstjórnarinnar og aðrar eru í athugun.

Nú ekki meira um það.

Ég heyrði einu sinni spakmæli í Hong Kong, sem hljóðaði e-ð á þessa leið :

“ Þegar hendurnar hætta að vinna hættir munnurinn að tryggja.”

Þetta hljómar etv. harðneskjulega fyrir þá, sem í velferðarríki búa, en sé skyggst undir yfirborðið sést að kjarninn er sannur, hvort sem búið er í vestrænu velferðarríki, eða í frumstæðu þróunarríki.

Því undirstaða þess að maðurinn geti fullnægt fyrstu frumþörfunum, að sjá sér og sínum fyrir fæði, klæðum og skýli, er vinna í einhverju formi og að afrakstur vinnunnar sé hægt að nota til að fullnægja þessum frumþörfum, svo og þeim þörfum, sem á eftir koma, þegar frumþörfunum hefur verið fullnægt, hversu nauðsynlegar sem viðbótarþarfirnar eru nú í raun.

Við hittumst hér í dag, einmitt til þess að fræðast um hvernig við getum bætt samkeppnisstöðu okkar Íslendinga, þ.e.:

Hvernig getum við hagað vinnu okkar þannig, að við fáum sem allra mest fyrir hana, svo við getum fullnægt þeim kröfum, sem við gerum til lífsins, á sem auðveldastan hátt ? Hvernig bætum við líf skjörin ?

Svörin virðast ofur einföld :

Gera betur en aðrir.

Gera betur í dag en í gær.

Skara fram úr í samkeppninni.

Vandinn er bara sá að Palli er ekki einn í heiminum og ég tel mig geta fullyrt að allar þjóðir heims séu sí og æ að fást við þetta sama viðfangsefni, þ.e.:

Hvernig geta þær bætt samkeppnisstöðu sína og þá er aðeins eitt sem gildir fyrir okkur, : það er að hlaupa hraðar en aðrar þjóðir heimsins.

Og þar með er enn og aftur komið að Darwin. “Survival of the fittest”.

Til þess að gera þjóðum heims auðveldara að meta stöðu sína í þessu samhengi lifa margir aðilar góðu lífi á því að meta og skilgreina samkeppnishæfni þjóða og mörgum skógum hefur verið eytt til að koma niðurstöðum þessara spekinga til skila.

Nýjasta skilgreiningin og sú, sem mér geðjast best að, er sú, sem helst er í tísku núna, er ættuð frá :

“World Economic Forum” í Sviss og er miklum mun einfaldari en þær skilgreiningar, sem helst hefur verið notast við hingað til, en skilgreining þeirra hljóðar e-ð á þessa leið :

GLÆRA # 1 :

Samkeppnishæfni þjóðar felst í hæfileika þjóðar til að viðhalda miklum viðvarandi vexti þjóðarframleiðslu á mann.

Annað nýmæli í mati World Economic Forum er að þeir leggja ekki alla þá þætti, sem koma inn í matið að jöfnu, eins og áður tíðkaðist, heldur leggja þeir mun þyngri áherslu á fjóra meginþætti í skilgreiningu sinni, en telja aðra þætti léttvægari.

GLÆRA # 2 :

Pungaviktarpunktarnir, sem vege 2/3 hluta af mati World Economic Forum á samkeppnishæfni, eru eftirfarandi :

1. Opið hagkerfi, bæði hvað snertir viðskipi og fjárfestingu.
2. Ríkisfjármál, þ.e. umsvif ríkisins sem hlutfall af þjóðarframleiðslu og álagning og framkvæmd jaðarskatta.
3. Hagkvæmni fjármagsmarkaðarins.
4. Vinumarkaður, sveigjanleiki, viðhorf, menntun, þjálfun og færni.

Það eru síðan, að sjálfsgöðu, aragrúi undirþátta, sem skipta mörgum tugum, sem mynda svörin við þessum þungaviktarpunktum.

1/3 hluti af mati þeirra á samkeppnishæfni þjóða skapast síðan af :

GLÆRA # 3 :

5. Gæðum fyrirtækjastjórnunar.
6. Grunngerð, þ.e. innviðum og þjónustustigi þjóðfélagsins, (infrastructure).
7. Tæknistigi.
8. Skilvirkni og áreiðanleika dómstóla og pólitískra stofnana.

Þættirnir, sem mynda samkeppnishæfni þjóða eru því býsna margir og þar eð engin keðja er sterkari en veikasti hlekkurinn þarf að reyna að gera sér grein fyrir allri þessari flóknu mynd, þegar reynt er að bæta samkeppnishæfni þjóðar.

En hvernig kemur Ísland út í þessum samanburði ?
Hver er og hefur alþjóðleg samkeppnishæfni Íslands verið ?

E.t.v. er fljótfundnasta svarið að finna í þróun útflutnings héðan.

Ísland er lítið land með lítinn heimamarkað og vöxtur af þeirri stærðargráðu, sem við þurfum á að halda til að auka hagsæld ört vaxandi þjóðar, og sjá til að hver vinnufús hönd geti fengið starf við sitt hæfi, verður að koma að utan, þ.e. að skapast af auknum útflutningi og þar, einmitt þar, stendur hnífurinn í kúnni. Því að :

Á árabílinu 1980 til 1990 vantaði okkur 45 milljarða í gjaldeyrisöflun til að halda í við þróunina í öðrum OECD ríkjum.

Haldi þessi þróun áfram til aldamóta mun okkur þá vanta um 118 milljarða króna til þess eins að standa í sömu sporum og fyrir 20 árum, sé miðað við þær þjóðir, sem við erum sífellt að bera okkur saman við.

Ég er hér með mynd af þróun skiptingar vöruútflutnings frá Íslandi :

GLÆRAN GÓÐA, # 4 : Því miður ekki prentvilla.

Maður hlýtur að spyrja: Getur þetta verið satt? Og sé svarið: Já, þá:

HVERNIG STENDUR Á ÞESSUM ÓSKÖPUM?

Hví stöndum við nánast í sömu sporum og 1889 og það þrátt fyrir ÁLVER, JÁRNBLENDI, KÍSILÍÐJU, inngöngu í EFTA, EES samninginn, osfrv., osfrv.

Skyldi ein ástæðan geta verið sú að störfum í iðnaði hefur fækkað um rúmlega 4000 síðan 1987, en störfum hjá því opinbera fjölgað um 13.000 á síðustu 20 árum?

Önnur ástæða er vafalaust sú, að við bjuggum ýmist við verðbólgu eða óðaverðbólgu í marga undanfarna áratugi, allt þar til fyrir 4-5 árum og að íslenska krónan var lengst af mikils til of hátt skráð allan þann tíma.

Laun gátu jafnvel tvöfaldast á einu ári, án þess að gengið breyttist.

Þetta ástand, verðbólgan og fylgifiskar hennar, óvissan, jafnvægisleysið og sveiflurnar, sem riðu hér röftum allt þetta tímabil hér voru algerlega banvænar fyrir allar hugmyndir um þróun útflutningsiðnaðar.

Og enda þótt Svisslendingarnir hjá World Economic Forum viti ekkert um þetta þá setja þeir okkur í 27. sæti hvað snertir samkeppnishæfni og 31. sæti hvað snertir efnahagslegt frelsi af 49 þjóðum.

Og þá vaknar spurningin:

HVAÐ ER TIL RÁÐA? HVAD EIGUM VIÐ AÐ GERA, HVAD GETUM VIÐ GERT, TIL AÐ AUKA SAMKEPPNISHÆFNI ÍSLANDS?

FRUMFORSENDAN ER HUGARFARSBREYTING ÞJÓÐARINNAR, AÐ VIÐ BREYTUM OKKAR EIGIN HUGSUNARHÆTTI, ÁHERSLUM OG VIÐHORFUM OG GERUM OKKUR GREIN FYRIR ÞVÍ AÐ Í ÞETTA SINN VERÐUM VIÐ AÐ LEYSA ÞESSI MÁL SJÁLF.

Við verðum að: Gera okkur grein fyrir því að við höfum lifað um efni fram í marga áratugi, það er að segja

Við höfum fengið mikinn hluta af hinum góðu lífskjörum á Íslandi, sem við státum okkur gjarnan af, að láni, bæði erlendis og hérlendis.

Sænski forsætisráðherrann orðaði þetta eitthvað á þá leið á þriðjudaginn var hér í Reykjavík. Ég vil þó taka það fram, til að forða misskilningi að ég er ekki sammála aðfararorðum þess mæta manns, en niðurlagið var gott hjá honum:

“Velferð er ekki hægt að byggja á lánsfé.

Hún verður að byggjast á framleiðslu fyrirtækja og getu landsmanna til að greiða skatta, ekki á viðskiptavild í bönkum”.

Við verðum að : Hætta að bíða eftir því að einhver annar komi og leysi málin fyrir okkur, hætta að halda og vona að lausnin, upphefðin, komi að utan.

Við verðum að : Hætta að bíða eftir stóra Lottó vinningnum.

Við verðum að : Hætta landlægum gullgrafara og veiðimanna hugsunarhætti.

Við verðum að : Hætta að hlusta á og trúá hjalinu um að við munum :

VINNA OKKUR ÚR ÞESSUM VANDA, EINS OG VIÐ HÖFUM GERT HINGAÐ TIL, því þessi gatslitni frasi er ekki sannur.

Svo dæmi sé tekið þá komumst við ekki úr Kreppunni miklu og þeim hörmungum, sem henni fylgdu, fátækt og atvinnuleysi af eigin rammleik.

Það var heimsstyrjöldin síðari og hernámið, sem leysti okkur undan því böli.

Vandinn, sem við okkur blasir er svo mikill, að ekkert dugir annað en grundvallar-breyting á öllu viðhorfi okkar til atvinnulífsins, svo og til þess hvað til þarf að koma, til að von sé til þess að okkur takist að vinna bug á vandanum.

Við verðum að : Fara að skilja það að við fáum hvorki hernám, né Marshall aðstoð aftur, til að hjálpa okkur.

Við verðum að : Fara að skilja það að það eru engar patentlausnir, sem geta leyst þann vanda, sem við okkur blasir.

Ekki álver, ekki rafstrengur til Skotlands, ekki aðild að Evrópu-bandalaginu.

Margt af þessu er góðra gjalda vert og að sjálfsögðu eigum við að nýta orku- og náttúruauðlindir okkar á sem allra vistvænastan og hagkvæmastan hátt, en :

Við verðum að : Fara að skilja að við getum ekki stækkað landhelgina aftur úr þrem mílum í tvö hundrað mílur.

Við fáum þann vinning ekki aftur.

Við verðum að : Fara að skilja að verð á þorski mun ekki tífoldast aftur, eins og gerðist á tímabilinu 1960 til dagsins í dag.

Ég endurtek : NÚ VERÐUM VIÐ AÐ GERA ÞETTA SJÁLF.

Við verðum að : Breyta hinni óvinsamlegu afstöðu okkar til atvinnurekstrar.

Öfundin er þjóðarlöstur okkar Íslendinga og hugsunarhátturinn :

Ef þú græðir, þá ertu ÞJÓFUR, en,
ef þú tapar, þá ertu AUMINGI,
þessi hugsunarháttur VERÐUR að breytast.

Við verðum að : Forðast allar kollsteypur í kaupgjalds-, verðlags- og gengismálum.

Sporin hræða og það er skylda okkar allra að hegða þannig gjörðum okkar og kröfum að verðbólgan og þær hörmungar, sem henni fylgja, nái aftur völdum á Íslandi.

Við verðum að : Tryggja aðgang atvinnulífsins að lánsfé á sambærilegum kjörum og eru í þeim löndum, sem við erum að keppa við.

Við verðum að : Greiða fyrir, hvetja til og vera opnir fyrir fjárfestingu erlendra aðila í atvinnulífinu á Íslandi.

Segja ber hverja sögu eins og hún er og það er því miður staðreynd að allt of mörg íslensk fyrirtæki eru mjög lokuð fyrir því að hleypa nýjum aðilum að sem hluthöfum í rekstri sínum.

Allt í lagi að fá lán, en alls ekki að fá nýja hluthafa og það þótt þessi sömu fyrirtæki vanti sárlega þolinmótt fé til nýsköpunar og vöruþróunar.

Þessi landlægi hugsunarháttur verður líka að breytast.

Við verðum að : Gera okkur grein fyrir því að út um gjörvalla heim ganga menn með grasið í skónum og ótal gylliboð í hendi að reyna að fá erlenda fjárfesta til að leggja fé í atvinnurekstur.

Það þarf enginn að halda að útlendingar bíði í biðröðum, með fullar hendur fjár, eftir því að fá að fjárfesta á Íslandi, amk. ekki í þeim greinum atvinnulífs, sem við viljum leyfa þeim að fjárfesta í.

Sem dæmi má nefna að frændur okkar Írar bjóða starfandi og nýjum iðnfyrirtækjum m.a. 10 % tekjuskatt, niðurgreidda vexti, tilbúin verksmiðjuhús, sérstaka styrki til þjálfunar starfsfólks, svo og vegna atvinnuaukningar, vöruþróunar og aðgerða til bættra vinnsluaðferða, aragrúa af öðrum styrkjum og þar má draga allan rannsókn- og þróunarkostnað fram yfir 2,5 milljón krónur fjórfaldan frá tekjum ár hvert og auðvitað má draga rekstrartap frá tekjum svo lengi sem eitthvað tap er ójafnað.

Árangurinn hefur heldur ekki látið á sér standa, 1200 alþjóðleg framleiðslu- og þjónustufyrirtæki hafa verið stofnsett þar á undanförunum 25 árum með samtals um 100.000 starfsmenn.

Þrátt fyrir allt hið neikvæða, sem ég hef bent hér á, þykist ég þó sjá ýmis teikn um að skilningur okkar sé að aukast og sé ýmis merki um betri tíma.

Mér finnst greinilegt að stjórnvöld gera sér betur grein fyrir því en áður að megin hlutverk þeirra er að skapa viðunandi rekstrarumhverfi, sem atvinnurekstur getur vaxið og dafnað í.

Við sjáum loks fram á möguleika á hallalausum fjárlögum.

Söfnun skulda, sem afkomendur okkar sitja uppi með og þurfa að greiða, þar með loks stöðvuð. Enginn smá árangur það.

Nýlegar ákvarðanir um stækkun álversins, orkusamningar við Columbia í höfn, hugsanleg stækkun járnblendiverksmiðjunnar síðar, og raforkuvirkjun á Nesjavöllum.

Sjáum loks fram á að geta farið að selja rafmagn frá löngu byggðum raforkuverum. Allt mikil gleðitíðindi og enginn smá árangur.

Mér finnst verkalýðsförystan líka hafa verið ábyrg í afstöðu sinni undanfarin ár og árangurinn hefur heldur ekki látið á sér standa :

5 % raun kaupmáttaraukning á ári í tvö ár í röð. Enginn smá árangur það.

Má ekki undir neinum kringumstæðum glutrast niður í næstu kjarasamningum.

Frjálsir fjármagnsflutningar í kjölfar EES samninganna og þau tækifæri, sem við það bjóðast.

Engir smá möguleikar í framfaraátt það, ef við nýtum tækifærin rétt.

Að stjórnvöl skuli standa fyrir þessari ráðstefnu um hvernig hægt sé að bæta samkeppnishæfni Íslands, þar sem þau gera sér grein fyrir að betur má, ef duga skal. Enginn smá áfangi það.

Sjávarútvegssýningin um daginn sýndi, svo ekki verður um villst, að við stöndum í fremstu víglínu hvað snertir hátæknibúnað bæði til veiða og vinnslu sjávarfangs.

Hugbúnaðarútflytningur og útflytningur lyfja hefur margfaldast undanfarið.

Og að enn skuli vera eitthvað eftir af hinum almenna samkeppnisiðni eftir fimbulvetur óðaverðbólgu, gengisfellinga og fastgengisstefnu undanfarinna áratuga má teljast kraftaverk.

Þá er heldur enginn vafi er á því að fiskiskipafloti okkar er fullkomnasti, afkastamesti og hátæknivæddasti fiskveiðifloti í heimi.

Og síðast en ekki síst, þá er vinnuaflið, fólkið í landinu, vinnufúst og vel menntað og vel flestir eiga sér þann draum að fá vinnu við sitt hæfi hér á Íslandi, enda er atgerfisflótti eitthvert ömurlegasta hlutskipti nokkurrar þjóðar, sem hugsast getur.

Gestir okkar í dag eru sérfræðingar á ýmsum sviðum þess verkefnis, að bæta samkeppnisstöðu þjóða og við erum komin hingað í dag til að læra af þeim hvernig lönd þeirra hafa leitast við að mæta kalli tímans og bæta samkeppnishæfni landa sinna á hinum ýmsu sviðum.

Archimedes, stærðfræðingurinn, eðlisfræðingurinn, hönnuðurinn og snillingurinn sagði :

“Fáið mér stað til að standa á og ég skal lyfta jörðinni”.

Nú er ég ekki að segja að íslenskir atvinnurekendur geti lyft jörðinni, en þeir geta lyft Grettistöku til hagsbóta fyrir íslenska þjóð, aðeins ef þeim er sköpuð viðunandi starfsskilyrði.

Vonandi tekst svo til hér í dag að við lærum eitthvað, sem getur hjálpað okkur að búa þannig í haginn fyrir okkar atvinnulíf, að draumar okkar um Ísland framtíðarinnar rætist.

Þannig lauk ræðunni og svo mörg voru þau orð.

Kæru félagar, það er ekki nema vonlegt, þótt ykkur finnist þið hafa heyrt þetta allt áður, því þetta er að stofni til sama ræðan, sem ég, og ég held að ég megi fullyrða að allir forystumenn atvinnuveganna hafa um þessi mál flutt undanfrain 25 ár eða svo.

Samkeppnishæfni þjóðar
felst í hæfileikum hennar til að
viðhalda miklum viðvarandi vexti
þjóðarframleiðslu á mann.

2

2

**Þungaviktarpunktarnir, sem veða 2/3 hluta af heildarmati
World Economic Forum á samkeppnishæfni þjóða :**

- 1. Opið hagkerfi, bæði hvað snertir viðskipi og fjárfestingu.**
- 2. Ríkisfjármál, þ.e. umsvif ríkisins sem hlutfall af
þjóðarframleiðslu, svo og álagning og framkvæmd
jaðarskatta.**
- 3. Hagkvæmni fjármagsmarkaðarins.**
- 4. Vinnumarkaður, sveigjanleiki, viðhorf, menntun, þjálfun
og færni.**


3

Eftirtaldi atriði vega 1/3 hluta af heildarmati World Economic Forum á samkeppnishæfni þjóða :

- 5. Gæði fyrirtækjastjórnunar.**
- 6. Grunngerð, þ.e. innviðir og þjónustustig þjóðfélagsins, (infrastructure).**
- 7. Tæknistig.**
- 8. Skilvirkni og áreiðanleika dómstóla og pólitískra stofnana.**

4

Þróun útflutningsgreina



Útflutningsráð.

Slide

Stefna á sviði samkeppnisshæfni í Kanada - framleiðni og atvinna

Jerry Beausoleil, framkvæmdastjóri stefnumörkunarsviðs kanadíska iðnaðarráðuneytisins

Canadian Competitiveness Policy: Productivity and Jobs

Introduction

Thank you to the Competitiveness Committee, the Ministry of Industry and Commerce, and the Ministry of Finance for the invitation to Iceland. I appreciate the opportunity to speak to you today.

The subject of your conference -- competitiveness policy -- is at the very heart of the socio-economic debate which is emerging internationally. I commend you for having the foresight more than a year ago to organize such a conference. I look forward to learning from your experiences and sharing our Canadian experiences with you.

Iceland is similar to Canada in many ways. Both Canada and Iceland are northern countries with great natural beauty. Both countries have achieved a high standard of living, and both of our economies benefit greatly from trade.

I would also note that Iceland and Canada are both liberalizing their economies, reducing government deficits, lifting restrictions on the private sector, and privatising government-owned enterprises. I believe these measures are of growing importance in an increasingly competitive international trade environment.

Canada is doing all of these things and more. In the next 20 minutes, I will outline the Canadian story, focusing on our efforts to improve productivity by building an economic framework for private sector job creation.

Canada's recent economic history

In some areas, Canada is doing very well. According to the UN Human Development Index, Canada has the highest living standard in the world.

Canada has created over 600,000 new jobs since 1993, despite the loss of 80,000 public sector jobs. This is more than the total number of jobs created in the economies of Germany, France and Italy. Canada also has the second best employment growth rate in G-7 (*slide 2*).

Our exports are breaking records. Canada's real trade surplus just reached an 11 year high. In July, exports rose 2.1%, to reach a record \$22.5 billion.

But, despite these recent successes, serious economic problems remain to be dealt with. Personal income growth has stagnated: after accounting for inflation, Canada has had negligible growth in personal disposable income since the early 1980s.

Although the unemployment rate has fallen by around 2 percentage points, the unemployment rate is still unacceptably high at 9.4% (August 1996). Moreover, the government is concerned that young people have experienced consistently higher unemployment rates and are finding it very challenging to get meaningful jobs.

In Canada, we have managed to maintain our standard of living by borrowing. We now know that we can no longer afford to do so. Canada's debt/GDP ratio is too high -- debt was 75% of GDP at the end of 1995-96. And the cost of servicing that debt was \$47 billion -- this was the largest single federal government expenditure last year.

The productivity solution

So, what is at the heart of these disturbing trends? In my view, it is a lack of productivity growth (*slide 3*).

Last year, we undertook a few simple calculations to assess the impact of our lack of productivity growth. The results were amazing. If productivity in Canada had continued to grow at the same rate during the past twenty years as it did between 1960 and 1973, our per capita income would be 42 percent higher than it is today and there would be no fiscal deficit in Canada today.

So, what happened? Beginning around 1973, overall productivity growth rates fell in all major industrialised countries.

A number of reasons have been put forward for this: a decline in labour quality, slower growth in R&D spending, slower growth in infrastructure spending, lower capacity utilization rates, and a slower rate of capital accumulation.

No one of these factors explains the productivity slowdown or our economic problems. Many factors are at work. But in total, we would characterize many of these problems as arising from the difficulty in adjusting to change, and a lack of innovation.

Last year, the OECD concluded in its economic assessment of Canada that we suffered an "innovation gap". While Canada has a strong tradition of achievement in fields such as telecommunications, medicine and software, there is evidence that our overall performance is lagging behind our international competitors.

Canada ranked 18th out of 45 countries in the World Economic Forum's 1995 review of S&T performance. This "innovation gap" as the OECD has described it, has contributed to weak productivity performance over the past two decades, resulting in sub-optimal employment growth and contributing to high government deficits.

Canada's Dual Approach

The Canadian government is seeking to address Canada's productivity challenge through promoting change in the economy, increasing flexibility, and seizing opportunities created by globalization and the growth of the knowledge-based economy.

Canada has adopted a dual framework policy approach to encourage economic growth and job creation: macro-economic policies designed to provide stability and to get our economic house in order and

micro-economic or structural policies to provide the framework within which the private sector can create jobs and growth.

Macro-economic success

Macro-economic policy in Canada has the advantage of a few, powerful levers in relatively few hands -- the Department of Finance and the Bank of Canada.

Canada's macro-economic targets have been set, and what we are now seeing is the consistent implementation of those policies.

We have had success in meeting our targets. By 1996-97, the ratio of federal borrowing requirements to GDP will decline to 1.7%, the lowest among the G-7. In 1997-98, requirements are expected to drop to less than 1%.

The 1996 federal Budget set a target of reducing the deficit to 2% of GDP by the 1997-1998 fiscal year, from an initial target of 3% this year. For 1996-97, expectations are that the deficit will be below the 3% target (*Slide 4*).

I would also note that the emphasis in Canada is on expenditure reduction, not tax increases. Program spending declined by \$1.5 billion from April to July this year.

Canada is also meeting its inflation goals. The Canadian Government and the Bank of Canada jointly established a target range of one to 3 per cent for inflation that will extend to the end of 1998. Currently, inflation is in the low end of the target range and at its lowest sustained level in 30 years (*Slide 5*).

And, of course, as we continue to meet our targets, we are seeing dividends. For example, we are making progress on improving the investment climate and reducing real interest rates. The Bank of Canada has cut its key lending rate 16 times since May 1995. The short term interest rate spread with the U.S. declined every month in the first half of 1996.

Micro-economic/structural challenge

The key remaining economic policy issues in Canada are micro-economic or structural.

The over-riding economic question facing the government is: what can governments do to help firms and individuals make decisions about investment, technology and trade that will create the conditions for private sector job creation and economic growth?

OECD member countries describe the policy approach in varying ways: framework conditions, structural reform, or competitiveness policy. The terms differ, but the issue is the same: how to increase productivity. Productivity is the key to competitiveness, economic growth and jobs.

Successful micro-economic policy requires influencing large numbers of decision makers in the private sector -- companies, workers and consumers.

Canada is working to meet this challenge in an era of fiscal restraint, declining program spending, and economic change.

The rise of the knowledge-based economy also calls for different policy approaches.

In Canada's view, the OECD Report on Technology, Productivity and Job Creation points the way (*slide 6*). What I will do in the remainder of my presentation is use the OECD framework to show how Canada is responding to its "innovation gap".

Canada's Micro-Economic Strategy

Canada is actively developing its strategy in every area highlighted by the OECD Report, with a focus on using partnerships, meeting the goals of fiscal responsibility and recognizing the realities of globalisation and knowledge-based growth.

We are using new approaches. The traditional tools of micro-economic policy -- grants and subsidies -- are not only unaffordable, but also discredited. Canada reduced business subsidies by 61% between 1994-95 and 1998-99.

Globalisation

Canada relies heavily on trade, and has accepted the reality of globalisation. The Canadian ratio of trade in goods and services to economic output is the highest in the G-7 -- exports and imports were 71.5% of GDP in 1995.

We have opened our markets to the world, by aggressively pursuing the liberalization of global trade:

- we have signed NAFTA and implemented the Uruguay Round;
- we are enhancing trade with South America and the Pacific Rim; and
- we are negotiating trade agreements with Chile and Israel.

We are helping Canadian companies, especially small and medium sized enterprises, access the world's market. For example my Minister, Industry Minister John Manley, has announced that Canada will host the 1997 Asia Pacific Economic Cooperation (APEC) Ministerial meeting for Ministers in charge of small- and medium-sized enterprises. In connection with the Ministerial, Canada will host a variety of events throughout the country that will strengthen Canada's ties with partners in the Asia-Pacific.

Policy coherence

The Government of Canada has restructured the way it does business to enhance policy coherence. For example, a large number of micro-economic policy areas have been brought under the responsibility of the Industry Minister (*see slide 7*), most recently regional development. A principal objective is to encourage co-ordinated and integrated policy development and service delivery.

A second example of policy coherence is the release of the federal Science and Technology Strategy in March 1996. The strategy included national goals for Canada's innovation system and concrete action plans for all of Canada's major S&T departments and agencies.

The S&T Strategy is the outcome of consultations with thousands of interested Canadians. Its main theme is partnership with the private sector, academic institutions and other levels of government to build a stronger Canadian system of innovation.

It provides a governance mechanism to realize a coherent set of policies, programs, and institutions that will maximize the value to Canada of the government's \$5.5 billion direct investment in S&T.

The strategy requires federal departments and agencies to report annually to Parliament on their S&T expenditures, activities and priorities. Canadians will be able to judge for themselves progress in strengthening the Canadian innovation system.

The next area identified in the OECD's Technology, Productivity and Job Creation framework (*slide 8*) is human resources.

Fostering Human Resources: Encouraging integration into the labour market

On human resources, Canada has modernized its employment insurance program to increase incentives to work, and the federal government is working with the provinces to develop more active reemployment measures, such as self employment assistance and skills loans and grants. A special emphasis is being placed on providing youth with assistance in making the transition to the labour market.

My department's contribution to the youth agenda focuses on ways to help youth strengthen the Canadian economy through:

- developing export markets;
- stimulating the growth and expansion of SMEs;
- performing scientific research; and
- developing and promoting the use of the information highway.

For example, the "Community Futures Youth Investment Fund" in Western Canada provides financial assistance, business counselling and mentoring to young entrepreneurs (under 25) who wish to start or expand a business.

The program has been highly successful, as has the "International Trade Personnel Program". This program helps small businesses hire recently graduated professionals to help with international trade development.

Realize the potential of small business: Reducing barriers to growth of Canada's motor of job creation

Small business created almost 90 percent of all new jobs in Canada in the last 10 years, and 99 percent of Canadian businesses have less than 100 employees. The Canadian government is committed to removing barriers to their growth.

Við þurfum auðvitað líka að skoða þessa verkaskiptingu milli fyrirtækjanna og auka þessa láréttu verkaskiptingu og sérhæfingu. Við verðum að koma á einhverjum þróunarklösum og samstarfi milli fyrirtækja til þess að þessi litlu fyrirtæki nái svona að bindast stærri einingum. Þetta er líka ákveðið verkefni sem hægt er að fara út í og í síðasta lagi, þá held ég að við verðum að horfast í augu við það að þessi fjölskyldubúskapur, hvort sem er í landbúnaði eða iðnaði, það gengur bara ekkert upp. Þannig að við verðum að sameina, efla og stækka þessi fyrirtæki þannig að þau hafi burði til þess að leggja pening í rannsóknir og þróun, leggja pening í markaðssetningu, fá til sín áhættufé, en ekki bara lánsfé eins og virðist hafa verið rótgróið. Þetta eru verkefni sem við eigum að fara að kasta okkur út í. Bara þessi verkefni myndu stórauka samkeppnishæfni Íslands hér á næsta ári og skapa okkur þessa möguleika sem okkur eru svo brýnir til þess að auka hér mjög velferð og kaupmátt.

Ég held ég ljúki með þessu, takk fyrir.



Atvinnustefna til nýrrar aldar

*Framtíðarsýn ASÍ um
efnahags-, atvinnu- og kjaramál
til að ná markmiðum um aukna velferð*

ASÍ reyðubúið til þríhliða sam- starfs um mótun atvinnustefnu




- ***sem byggir á félagslegu og atvinnulegu öryggi***
 - *þar sem áhersla er lögð aukna aðlögunar-hæfni með aukinni menntun og fræðslu, en ekki ótakmarkaðan sveigjanleika stjórnenda*
- ***sem mótað verði formlegri sess***
 - *til miðlun upplýsinga um þróun mála*
 - *til mótun markvissari stuðningsaðgerða*
 - *til að koma í veg fyrir offjárfestingar tímalega*

*Góð störf
sem tryggja hátt launastig*



- *Megináhersla á aukna verðmætasköpun*
- *með aukinni menntun og starfsþjálfun*
- *sem gefur möguleika á aukinni framleiðni og bættum gæðum*
- *og sem leiðir til öflugri nýsköpunar*

Hefðbundnar leiðir duga ekki



- *Virkja verður nýja uppsprettu hagvaxtar*
 - *áherslu á þekkingu, reynslu, menntun og hæfni ásamt gildi langtímauppbyggingar*
 - *í stað hráefnaúrvinnslu og skammtímagróða*
- *Skilgreina sóknarsvið til næstu ára*
 - *sem byggja á því sem kunnur nú þegar*
 - *með áherslu á að hanna og framleiða þann búnað og tæki sem til þarf*

Sjávarútvegssvið hvaða möguleikar eru þar?



- *stór og kröfuharður heimamarkaður*
 - *góður grunnur að velheppnuðum útflutningi*
- *þekking og reynsla á því hvað þarf til til þess að veiða, vinna, flytja og selja sjávarafurðir og allt þar á milli og til hliðar.*
- *þörf bæði héraendis og annarra þjóða fyrir þessa þekkingu, þessi tæki og þennann búnað.*

Hvað einkennir iðnað sem tengist sjávarútvegi



- *vanþróuð lárétt verkaskipting og sérhæfing milli fyrirtækja*
- *fyrirtæki almennt mjög lítil í fjölskyldueign og rótgróinn andstaða við að stækka*
- *tiltölulega lágt mennta- og tæknistig*
- *framleiðni og verðmætasköpun á hverja einingu mjög lágt*

Það er verk að vinna!



- *Auka hæfni starfsmanna og stjórnenda*
 - *starfsþjálfun og endurmenntun*
 - *nútímalegri stjórnunaraðferðir*
- *Hækka tæknistig verulega*
 - *tækniráðgjafa, nýsköpunarþörf, tækniyfirfærsla*
- *Auka lárétta verkaskiptingu og sérhæfingu*
 - *koma á þróunarklössum/fyrirtækjanetum*
- *Sameina, efla og stækka fyrirtækin*

Staða, áherslur og aðferðir

Vigdís Wangchao Bóasson, MBA, viðskiptaráðgjafi.

Vigdís Wangchao Bóasson, MBA Business Consultant
PhD Candidate State University of New York at Buffalo, USA

Iceland: An International Competitive Strategy

erindi á ráðstefnu Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis og Fjármálaráðuneytis
um bættu samkeppnisstöðu Íslands
26. september 1996

Chairman,
Your Excellency Mr. Finur Ingólfsson, Minister of Industry and Commerce,
Your Excellency Mr. Friðrik Sophusson, Minister of Finance
Ladies and Gentlemen,

I have travelled 5.000 kilometres from Nigrafalls- the border between Canada and USA to attend this exciting conference today. Two years ago, I carried out a research on national competitive advantage and strategy of Iceland in the global market. Presently I am working on my doctoral study with research focus on global competitive advantage and strategy. Today, I am delighted to see that this topic has become the national agenda of present day Icelandic government.

1. Current Position in World Competition

What is Iceland's current position in world competition? Let's first look at the current structure of Icelandic trade.

Almost 80 percent of all exports come from primary marine products and a further 10 % from the export of aluminium commodities. In contrast, the primary commodity exports among OECD average is only 12%. Iceland's manufactured exports which are basically aluminium and other basic metals account for 17 percent, while the OECD average in manufactured exports is 80 percent. Many Icelandic fish exporters are basically competing on price, using cost-based strategies, thinking in terms of quantity instead of quality. In Figure 1 the upper left bracket contains Icelandic main export which has very little scope for differentiation while the lower right bracket contains the export of more sophisticated products which account for only a fraction of Icelandic total merchandise exports. The fundamental structure of Iceland's trade indicates that Iceland is an exporter of resource-based commodities sensitive to price and volume fluctuations in the world market while an importer of sophisticated products in high-profitability industries.

Figure 1. Cost-based strategies with little scope for differentiation

Competitive advantage through:


		Low cost	Differentiation
Competitive scope	Broad	Marine products Aluminium Ferro-silicon Wool and skins	
	Narrow		Consumer seafood packages Electronic scales Electronic products for fishing industry Fish processing and fishing equipments machinery Computer softwares Artificial legs Management consultancy for fishing industry

Adapted from Porter, Michael E. Competitive Advantage: Creating and Sustaining Superior Performance. New York: The Free Press, 1985.

In terms of living standard, Iceland is ranked among those industrialised and advanced nations in the world, while its export pattern is more similar to the one-resource exporting countries such as Kuwait and UAE rather than industrial countries. (See Figure 2).

There has been a deep-seated belief in Iceland that the most important value-added production is in physically catching and processing the fish and that the national independence can only be preserved by controlling the primary-production end of the value chain. This attitude has hampered efforts for the Icelandic fishing industry to compete in industries or segments that require a different focus. In energy industry, the government is only interested in controlling the primary energy extraction and power-supply segments of the value chain without encouraging further downstream value-added activities.

Figure 2. The percentage of the export of manufactured goods vs. standard of living.



Source: United Nations Department of Economic and Social Development Statistical Office. 1991 International Trade Statistics Yearbook . New York: United Nations, 1993 and Economist, The Book of Vital World Statistics, Hutchinson Business Books Limited, London, 1990.

2. Strategic Alternatives

It is apparent that a high and rising standard of living is unlikely to be maintained by an economy that relies on the shrinking fish stock and the export of unsophisticated, price-sensitive primary marine products and basic metals. Iceland therefore has to look for ways of economic growth other than depending on exploitation of natural resources. The experience of Japanese and Swiss companies has provided a good example for achieving competitive advantage without relying on natural resources.

A few alternatives have been suggested in Iceland:

1. Export electricity via a long cable to Europe by the year 2000? This alternative will lead to the same trap of depending on natural resources as depending on fish.
2. Build another aluminium smelter so that we can sell our cheap electricity? As pointed out by GATT, these basic metal industries contribute actually far less to net export earnings and national value-added than their gross figures imply, because they must import most of

Iceland: An International Competitive Strategy

their raw materials and make interest and dividend payments abroad. The aluminium smelter in Iceland is in fact an isolated big factory which has not yet developed into an industry cluster in Iceland. It exports primary metal commodities which compete on basic factor advantage. Moreover, its pollution can eventually affect Icelandic fishing and tourist industries.

3. Tighten up our belts through raising income taxes, cutting wages, cutting investment in education and R&D, and waiting for the fish to come back? This alternative is a sure road to backwardness and will undermine our long-term advanced factor conditions, and demand conditions.
4. Beg for more foreign loans to support our current level of living standard? This alternative is a short route to an overnight national bankruptcy.
5. Join the bandwagon of European Union? This will not solve the fundamental problems of the nation's economy if we do not upgrade and broaden our industry and competitive advantage. So many EU members have just as many economic problems as Iceland. We have to calculate the actual cost and benefit of joining this or that economic bloc. How much Iceland has to pay for its membership? How much benefits Iceland can get out of this membership? Finland for example, believed that it would be better off by joining EU, but now it is debated if Finland has in fact paid more than what it can benefit. Switzerland for instance, is not a member of EU, yet Swiss companies are operating all over EU. Many successful MNC do not need to get a membership of any economic block to be able to operate all over the world. Passively joining this or that economic block is a reactive strategy. A proactive strategy for Iceland is to aggressively build up our real competitive strength. With certain trade barriers, it can actually add pressures on companies to innovate and compete on sophisticated segments rather than price-sensitive segments. With today's information superhighway, national physical boundaries and custom tariffs have become less significant trade barriers.

3. Upgrading the National Diamond of Competitive Advantage

The only alternative for Iceland to maintain its long-term sustainable competitive advantage and long-term prosperity is by relentlessly upgrading its national diamond of competitive advantage and by competing on higher-order and more sophisticated factors. To sustain competitive advantage, Porter recommends to "*destroy its old advantages by creating new ones*" and to practice "*what Schumpeter called creative destruction on itself.*" (Porter, 1990). We must change our traditional focus and should focus instead on exploiting our created assets and well-educated human resources. We must deliberately nullify or supplant today's basic factor advantages in order to sustain international competitive advantage.

1. Focus on Advanced, Specialised Factor Creation

The industries that support a high and rising standard of living today and in the 21 century are technology-driven and knowledge-intensive industries that rely on created assets. We should therefore increase the level of investment in education and R&D and in upgrading ourselves and our children to be able to compete on the information superhighway. Iceland has only 270,000 people. Instead of hunting fish at sea, we should train ourselves and our children to be fish marketers, commodity brokers, fish distributors, consultants, managers, marine scientists, engineers, and computer specialists.

2. Seek Opportunities over the World Wide Web

Iceland: An International Competitive Strategy

Over the Internet, we can buy and sell fish from all over the world on the futures and commodity markets, make the business deals, and then hire British fishermen to come and pick up the stock from the Icelandic sea or Russian sea and deliver it to German consumers. Instead of fishing at sea, we should become entrepreneurs controlling every single network on the world wide web. Icelandic financial institutions and software companies should be quick today to take advantage of the Internet and expand their territories in the world market over the world wide web before it is too late. *"Successful business strategy is about actively shaping the game you play, not just playing the game you find"*(Brandenburger and Nalebuff 1995). We should become the writer and designer of a competitive game, assigning roles to various players, rather than taking up roles in a game set by others.

3. Stimulate Vigorous Domestic Rivalry

Research evidence indicates that there is a strong association between intense domestic competition and the creation of competitive advantage. Lack of vigorous domestic rivalry is the weakest link in the Icelandic national diamond. *"In a closed economy, monopoly is profitable. In global competition, monopolies or cartels will lose to firms from more competitive environments."*

4. Seek Opportunities in International Emerging Markets

Icelandic companies can upgrade their competitive advantage faster by selling technology- and knowledge-intensive products to emerging and growing mega-markets such as China and Far East, than selling primary products to the triad markets.


5. Develop Industry Clusters and Encourage New Business Formation

To speed up our upgrading process, building industry clusters based on maximising our existing competitive advantages present in the national diamond seems to be the most effective strategy for our upgrading. My study on Icelandic national diamond leads to the conclusion that the existing four industry clusters have the most potential to upgrade our competitive advantage (Fig. 3)

1. The Fishing Industry Cluster

In the fishing industry cluster, downstream and related industries can be developed. For instance: 1. High-quality food industry. 2. Marine biology industry. 3. Marine electronics and equipment industry. 3. Software for fishing management. 4. International R & D centre for fishing industry. 5. International marketing and distribution service for seafood products not only for Icelandic producers but also for foreign producers. 6. Management consulting services. 7. Information centre and data bank for fishing industry.

Figure 2. Strategic development of Icelandic industry clusters:



2. The Energy Industry Cluster

Iceland: An International Competitive Strategy

Instead of focusing on the primary extraction of its natural hydro-power and geothermal resources, we should direct our efforts to develop downstream, upstream, related and supporting industries. If we concentrate our efforts on developing the technologies and knowhow segments rather than on attracting foreign aluminium smelters for primary metal production, or passive exporting of cheap electricity via cables, Iceland will be able to export the cutting-edge technologies in electricity transmission and in advanced segments of energy industry.

3. Health- and Medical Care Industry Cluster

In the health care and medical industry, there are several potentials:

Very specialised medical equipment and medicine, software for hospitals and health care industry, medical treatment and surgery, preventive health care, medical consulting, specialised health care services, and rehabilitation centres.

4. Construction Industry Cluster

In the *construction industry cluster*, export potentials include prefabricated strong building units designed to withstand harsh climate and natural disasters; engineering consulting, designing, and turnkey projects, and building advanced fish processing factories in foreign countries.

5. Other Related Clusters

1. Software industry

The software industry is one of the most promising industries in Iceland because it can take advantage of the highly educated Icelandic human resources, and flexible organisational structure of small Icelandic companies. It can overcome the Icelandic factor disadvantages of its physical location and does not depend on heavy raw material imports.

2. Tourist industry

To further expand the tourist industry, we need to develop a sophisticated global network and create specialised attractions, such as health-related tourism, science, culture and education-related tourism, adventure- and expedition-related tourism, luxurious long life villages for wealthy retired foreigners.

In general, to overcome the constraints of a peripheral location relative to the mainstream markets, Iceland can concentrate on developing those industries that can produce goods and services with higher value per weight; to overcome the constraints of a small home market, Iceland can concentrate on developing those industries that are highly dynamic and highly flexible so that economies of scale are less important than innovation and change.

Conclusion

Upgrading Icelandic national competitive advantage in international competition is fundamental to sustain our high living standard and prosperity well into the future. We should develop a well-functioning advanced factor creation mechanism. We should motivate our human resources, stimulate active domestic rivalry, and develop new business formation mechanisms. We should broaden and deepen the existing industry clusters through development of upstream, downstream, or related industries which are less sensitive to factor costs.

Hver er framtíð okkar á 21. öldinni - sjónarmið unga fólksins

Albertína Elíasdóttir, nemi Ísafirði

Ágæti fundarstjóri - aðrir ráðstefnugestir.

Ísland er landið, sagði þjóðskáldið. En hver er framtíð okkar?

Strax og ég var beðin um að tala hér á þessari ráðstefnu sökkta ég mér niður í pælingar um framtíðina. Vissuð þið það að talið er að eftir um 50 ár muni meðalhitastig á jörðinni hafa hækkað um 4,5°C eða það að olíubirgðir jarðarinnar munu sennilega aðeins duga í rúmlega 100 ár í viðbót. Þegar ég fór að tala við krakka á mínum aldri um framtíðina, spurði ég þau hvort þau hefðu áhyggjur af framtíðinni var svarið því miður of oft: “Ég þarf ekki að hafa áhyggjur, við verðum öll dauð fyrir aldamót.”

Hvaða áhrif hefur framtíðin á líf mitt í dag? Geri ég eitthvað öðruvísi en ég mundi annars gera ef ég hefði ekki áhyggjur af framtíðinni? Mundi líf mitt vera öðruvísi ef þetta geigvænlega orð “framtíð” vofði ekki alltaf yfir mér.

Hverju sækist ég eftir í þjóðfélagi framtíðarinnar? Háum launum? Þægindum? Sagan sýnir að mannkynið hefur þróast mikið með árunum, bæði jákvætt og neikvætt, þannig að maður ósjálfrátt gerir ráð fyrir áframhaldandi þróun, þá í flestum tilvikum jákvæðri. En við hverju má maður í raun og veru búast? Í haust byrjaði ég eins og margir krakkar á mínum aldri í menntaskóla. Fólk hefur mismunandi ástæður t.d. félagsskapur, nenna ekki að vinna en þó er ástæðan í flestum tilvikum sú að fólk fer í menntaskóla til að eiga möguleika á að fá þá vinnu sem áhugi þeirra stendur til að fá í framtíðinni.

Hvað verður eftir menntaskóla?

Þegar ég útskrifast úr framhaldsskóla Vestfjarða - skólanum mínum verða aldamót - árið 2000. Merkis ár fyrir margt annað en útskrift mína. Hvað mun verða? Hvað mun breytast? Hvaða möguleika mun ég hafa? Það liggur beint við hjá flestum að fara í Háskóla, þó gera það ekki allir, að læra þá grein sem þeir ætla að vinna að í framtíðinni. Hvort sem það er hálaunað eða láglaunað starf. Það sést þó greinilega að fólk sækir í hálaunuðu störfin og þá er vert að íhuga það hvort þau verði hálaunuð mikið lengur ef mikil ásókn er í þau, því er rétt að beina straumi unga fólksins inn á önnur störf en bara þessi hálaunuðu. Meðal annars með því að reyna að hækka launin á þeim starfssviðum sem láglaunuð eru í dag. Hvað kemur til greina eftir menntaskóla?

Mun ég stoltur Vestfirðingurinn, þá neyðast til þess að flytja til annars landshluta eða jafnvel til annars lands til að fá vinnu eða til að komast í almennilegt nám??? Eða get ég lært allt sem læra þarf í gegnum tölvu með nýrri tækni.

Það hefur sína kosti ef að nemendur úti á landi geti farið í háskólanám, með fjarnámi með aðstoð tölvutækninnar. En þó má tölvunotkun, bæði almenn og til lærdóms ekki ganga það langt að mannleg samskipti minnki, eða jafnvel hætti.

Kemur það á óvart, þó að ungt fólk, sem er að útskrifast úr skóla nú um aldamótin, fari í hrönnum til, meðal annars, aðildarlanda EES, bæði til lærdóms og/eða vinnu. Er það slæmt? Undanfarið hefur verið neikvæð umræða um alla þá Íslendinga sem eru við nám og störf erlendis. Til hvers er verið að gera samninga við önnur lönd um jafnan rétt til náms og starfa hvar sem er á svæðinu, ef ekki á að nýta hann? Til að koma í veg fyrir flóttu hæfileikaríks fólks úr landi verður þjóðfélagið að vera samkeppnishæft við önnur lönd bæði í menntun, kaupum og kjörum. En hvað getum við á landsbyggðinni gert til að koma í veg fyrir þennan landflótta?

Mín kynslóð stendur frammi fyrir því að það verði ekki nóg að veiða og flaka eða frysta og salta fiskinn, heldur verðum við að taka til annarra ráða til að komast áfram í framtíðinni, til þess að auka tekjur okkar og standast samanburð við aðrar þjóðir. Ef við lítum t.d. á Vestfirðinga þá sjáum við margt sem hægt væri að gera þar. Svo ég tali af eigin reynslu, þá vann ég eitt sumar hjá Íshúsfélaginu heima á Ísafirði. Þar sá maður og lærði margt um sjávarafurðir en hægt væri t.d. að stíla sjávarafurðirnar meira inn á neytendur. Í dag snýst verkunin of mikið um magn en ekki gæði. Hvernig væri ef fiskvinnsluhúsin færu að fullvinna hráefnið sem myndi þá bæði auka störf, gróða og gæði. Einnig myndi þá aukast þörfin fyrir öll undirfyrirtækin t.d. tölvu- og hugbúnaðarfyrirtæki. Hægt væri út frá auknum gæðum að flytja afurðirnar út í meiri mæli en áður.

Við siglum hraðfara inn í öld upplýsinganna, sem er að vissu leyti mjög jákvætt. En hvernig verður það í framtíðinni? Verður vinnan þannig að maður gengur inn í herbergi og sest fyrir framan skjá og stjórnar þar vélmanni sem vinnur alla þá líkamlegu vinnu sem maður þyrfti annars að vinna? Eða kannske maður bara ýti á gulan takka þegar maður vaknar, fer síðan í skvass eftir morgunmat, kemur heim aftur, ýtir þá á rauðan takka, borðar hádegismat, ýtir aftur á takka, í þetta sinn grænan, gerir það sem maður vill, ýtir síðan á bláan takka klukkan fimm, slappar síðan af og er þá búin í vinnunni?

Í dag er ekki hægt að segja að mikið framboð sé á störfum, en þó er það aðeins einn af þeim hlutum sem unga fólkið kvíðir fyrir þegar það fer að fara út á vinnumarkaðinn. Oft veitir skólakerfið ekki nægan undirbúning undir það að takast á við hinn stóra og mikla vinnumarkað. Margt ungt fólk veit ekki hvernig á að sækja um vinnu, hvernig skattakerfið vinnur o.m.fl. Því væri hægt að koma af stað einskonar “Atvinnumarkaðsaðstoð” sem hjálpar fólki að “læra” á kerfið og hvernig vinnumarkaðurinn virkar.

Hverju verður sóst eftir í fari fólks í þjóðfélagi framtíðarinnar?

Hvort verður sótt eftir fólki sem er vel menntað og hefur góða tjáningar- og stjórnunarhæfileika eða fólki sem hefur hæfileika til að sitja á rassinum allan daginn fyrir framan tölvuskjá og stjórna vélmennum?

Mun fólk heldur velja það að fara út í náttúruna heldur en að sitja fyrir framan tölvur eða sjónvarp í framtíðinni og ef svo er mun þá náttúran vera til ennþá þrátt fyrir ágang og mengun af mannavöldum í dag.

Ég sem Vestfirðingur hallast að sjálfsgöðu að því að Vestfirðirnir séu og verði bestir. Það sést best á því, þegar ég var á Andrés Andar leikunum, þegar ég var yngri að maður öskraði sig hása á því að lýsa því yfir að Ísfirðingar væru bestir. En þó er ég þó farin að hugsa þessa skoðun mína betur og hef komist að þeirri niðurstöðu að ef Ísland á virkilega að komast á spjöld sögunnar verði allir, hvort sem þeir eru vest.-norð.-sunn.- eða austfirðingar að standa saman og koma fram sem ein þjóð en ekki hugsa bara um hagsmuni eins landshluta fyrir sig.

En þrátt fyrir stöðugan, neikvæðan og svartsýnan fréttaplutning og umræðu um framtíðina þá er ég virkilega bjartsýn á framtíðina vegna þess að ég hef mikla trú á Íslendingum og heiminum öllum, hef trú á því að við “plummum” okkur í framtíðinni.

Takk fyrir.

III. Samantekt og niðurstöður

Stjórnmal og samkeppnishæfni

Friðrik Sophusson, fjármálaráðherra

Bætt samkeppnisstaða Íslands í framtíðinni.

I. Inngangur: Hlutverk stjórnmalanna

Spurningin sem ég mun leitast við að svara í þessu erindi er: Hvernig geta stjórnmalamenn bætt samkeppnisstöðu Íslands?

Það er ekki að ástæðulausu sem þessi spurning er sett fram hér. Við Íslendingar höfum því miður brennt okkur á því að ofmeta hlutverk ríkisvaldsins í efnahags- og atvinnumálum og það hefur oft leitt til þess að skattfé var varið á óarðbæran hátt í atvinnufyrirtæki. Lausatök í ríkisfjármálum í góðæri hafa rýrt möguleika okkar þegar árferðið versnaði. Offjárfestingar og ofveiði viðgengust um langt skeið á Íslandi og auðvitað hlaut að skuldadögum.

II. Hugarfarsbreyting á Íslandi

Sem betur fer sýnist hins vegar að hugarfarsbreyting sé að eiga sér stað á Íslandi. Við virðumst hafa lært af fortíðarvandnum.

Í **fyrsta lagi** viðurkenna flestir nú að stjórnmalamenn búa ekki til störf. Hugmyndir um hlutverk stjórnmalamanna hafa breyst í því efni á skömmum tíma. Það eru fyrirtækin sem búa til störf en ekki stjórnmalamenn. Stjórnmalamenn geta hins vegar skapað gott rekstrarumhverfi fyrir fyrirtækin. Ríkið á ekki að vasast í atvinnurekstri heldur hasla völlinn fyrir atvinnufyrirtækin. Ástæða er til að minna á að án beinna ríkisafskipta varð þreföldun í útflutningi hugbúnaðar milli árána 1994 og 1995 og það segir okkur hversu mikilvægt er að stuðla að því að nýgræðingar í atvinnulífinu fái að dafna í stöðugu og rekstrarvænu umhverfi. Þannig verða til vel launuð störf.

Í **öðru lagi** vitum við að aukin framleiðni er forsenda meiri kaupmáttar. Röng gengisskráning eða tveggja stafa prósentuhækkningar launa sem velt er út í verðlag ganga ekki til lengdar heldur valda verðbólgu, sem skaðar atvinnulífið og kemur verst þeim sem minnst mega sín.

Í **þriðja lagi** skilja menn betur nú en áður nauðsyn þess að draga úr ríkisumsvifum og ríkisforsjá þar á meðal í fjármálakerfinu til að tryggja betri arðsemi.

III. Breytingar á íslensku samfélagi síðustu tíu ár.

Það er afar athyglisvert að rifja upp brot úr efnahagssögu landsins síðastliðin tíu ár eða svo og skoða þær gífurlegu breytingar sem hafa orðið á rekstrarumhverfi fyrirtækja og hugmyndum stjórnmalamanna um atvinnulífið. Við höfum sannarlega losað okkur að mestu úr viðjum hafta og banna, eða öllu heldur því forsjárhugarfari, sem ríkti hér um árabíl.

Hvar sem gripið er niður í sögu undanfarinna ára blasa við okkur skipulagsbreytingar sem hafa skilað sér í meiri stöðugleika og athafnafrelsi. Breytingarnar hafa flestar miðað að því að draga úr boðum og bönnum en setja þess í stað almennar leikreglur. Flestir stjórnmalaflokkar landsins hafa átt hlut að máli. Aðilar vinnumarkaðarins hafa fjallað faglegar um málefni en áður og stutt flestar þær umbætur sem gerðar hafa verið. Ég nefni nokkrar breytingar í frjálsræðisátt:

Í fyrsta lagi hafa verðlagshöft verið afnumin. Samkeppnislögin frá 1993 hafa eflt samkeppnisvitund viðskiptalífsins. Verðlag hefur aldrei verið stöðugra í sögu lýðveldisins.

Í öðru lagi hafa vextir verið gefnir frjálssir. Tæplega tíu ár eru síðan vaxtalög tóku gildi en þau fólu í sér samningsfrelsi um vexti. Á sama tíma voru okurlögin svonefndu jafnframt afnumin. Aðeins eru tæp þrjú ár síðan ríkissjóður hafði ótakmarkaða heimild til yfirdráttar í Seðlabankanum. Sú heimild hefur nú verið að fullu afnumin og vaxtaákvarðanir færðar út á markaðinn. Vextir hafa lækkað til lengri tíma litið.

Í þriðja lagi hefur hindrunum og áratuga skömmtunarkerfi í gjaldeyrisviðskiptum verið rutt úr vegi. Laga- og reglugerðarbreytingar allt frá lokum níunda áratugarins hafa beinst að því að draga úr höftum og auka frelsi til fjármagnsflutninga. Nú er svo komið að nær engar hömlur eru á gjaldeyrisviðskiptum. Það eflir samkeppni og veitir aðhald. Betra jafnvægi er á viðskiptum við útlönd.

Í fjórða lagi hefur ríkisreksturinn tekið stakkaskiptum. Með rammafjárlögum, útboðum, einkavæðingu og bættri stjórnun hefur útgjöldum ríkisins verið haldið í skefjum. Þá hefur tekist að hamlu gegn fjölgun ríkisstarfsmanna allt frá árinu 1991 en fyrir þann tíma hafði þeim fjölgað um rúmlega helming frá 1970.

Í fimmta lagi hafa skuldbindingar okkar í EES samningnum átt þátt í að treysta starfsskilyrði og efla samkeppni í atvinnulífinu auk þess sem samningurinn hefur opnað okkur aðgang að markaðri Evrópubandalagsins.

Í sjötta lagi hefur skattkerfið allt verið tekið til endurskoðunar á þessum tíma. Umbætur í skattkerfinu hafa miðað að því að fækka undanþágum, breikka skattstofna og samræma skattkerfið því sem gerist í samkeppnislöndum okkar. Eftirágreiddir skattar hafa vikið, en þeir voru verðbólguhvetjandi og juku á óstöðugleikann. Unnið er að gerð tvísköttunarsamninga.

Í sjöunda lagi hefur orðið hugarfarsbreyting í landbúnaði. Með GATT samningnum var bann við innflutningi landabúnaðarvara afnumið. Smám saman mun árangur þessara breytinga koma fram. Þar er kannski mikilvægust sú hugarfarsbreyting sem orðin er í landbúnaðinum þar sem nýjar leiðir eru reyndar til að efla samkeppni.

IV. Grundvöllur nýrra tækifæra

Okkur gefst nú tækifæri til að treysta grundvöllinn fyrir langvarandi stöðugleika, aukinn hagvöxt og bættan kaupmátt. Við höfum búið við stöðugt verðlag og gengi nú í samfelld lengri tíma en nokkurn tíma fyrr. Til að okkur farnist vel þurfum við að varðveita þennan stöðugleika en glutra honum ekki niður með því að slá slöku við í stjórn efnahags- og ríkisfjármála.

Íslenskt efnahagslíf er smám saman að komast upp úr djúpri efnahagslægð sem leiddi til þess að líf skjör hér versnuðu í samanburði við önnur OECD ríki. Til að líf skjör hér verði með því besta sem þekkist í heiminum verðum við Íslendingar að bæta samkeppnishæfni Íslands sem er öruggasta ávísun á kjarabót heimilanna í landinu.

Okkur nægir ekki að tryggja jafna samkeppnisstöðu gagnvart öðrum. Íslenskt atvinnulíf þarf að skara fram úr. Þótt pólitískt dægurþras skyggi oft á umræður um stefnumörkun til lengri tíma, skynja sem betur fer stöðugt fleiri mikilvægi þess að við setjum okkur markmið um bættu samkeppnisstöðu Íslands og að við vinnum að því á hverjum einasta degi að færa okkur nær markmiðinu.

V. Hver er samkeppnisstaða okkar?

Í "The World Competitiveness Yearbook" fyrir árið 1996 eru Íslendingar í 25. sæti af 46 á lista

yfir samkeppnishæfustu þjóðir heims. Skýrsluhöfundar byggja á ýmsum þáttum sem máli skipta þegar samkeppnishæfni þjóða er skoðuð. Þar á meðal er menntunarstig, grunngerð, verðlag og efnahagslíf, ríkisfjármál, alþjóðavæðingu, fjármálakerfi og auðvitað mannauður.

Samkvæmt skýrslunni er íslenskt vinnuafli afar samkeppnishæft og grunngerðin traust. Veikleikar okkar eru að mati skýrsluhöfunda þeir að við eru ekki nægjanlega alþjóðavædd. Hlutfall erlendra fjárfestinga er lágt og viðskiptahöft einkum í innflutningi eru talin mikil í samanburði við keppinautana.

En það er kannski ekki síður mikilvægt að skoða hvernig við stöndum í samanburði við aðrar þjóðir með tilliti til athafna- og viðskiptafrelsis. Það er ekki síður sá mælikvarði sem gefur hugmynd um hvernig lífsgæði og hagvöxtur þróast á næstu árum og áratugum. Á mælikvarða vísitölu efnahagsfrelsis sem birt var m.a. í The Economist fyrr á þessu ári erum við í 43 sæti af 103 þjóðum hvað frelsi í viðskiptum varðar. (Reyndar í 31. sæti þegar á allt er litið.) Þó svona samanburður sé umdeilanlegur gefur hann hugmynd um stöðu okkar og býr til ímynd hjá erlendum fjárfestum.

VI. Stefnunótun um bætta samkeppnisstöðu

Til þess að við getum staðið okkur betur gagnvart öðrum þjóðum verðum við að skilgreina samkeppnisstöðu okkar og gera okkur grein fyrir hvað þurfi til þess að við náum betri árangri. Í ágúst mánuði 1994 skipaði ég starfshóp sem var falið að kanna samkeppnisstöðu Íslands gagnvart öðrum löndum og gera tillögur um hvernig megi styrkja hana. Formaður starfshópsins var Sigurður B. Stefánsson forstjóri VÍB.

Í niðurstöðu starfshópsins er bent á þrenns konar úrbætur sem hópurinn telur nauðsynlegar til að tekjur þjóðarinnar aukist til jafns við tekjur annarra þjóða. **Í fyrsta lagi** leggur starfshópurinn áherslu á að efla almenna menntun og tækniþekkingu. Mikilvægt sé að efla tæknimenntun og tungumálakennslu á lægri stigum. Þá sé forsenda framfara í skólamállum að lagt sé mat á árangur í skólustarfi. **Í öðru lagi** leggur starfshópurinn áherslu á að samkeppni þurfi að auka á flestum sviðum. Skortur á samkeppni og opinber íhlutun vinna gegn því að atvinnustarfsemin sé rekin á eins hagkvæman hátt og kostur er. **Í þriðja lagi** leggur starfshópurinn áherslu á að aðhalds og hófsemi sé gætt í fjármálum ríkisins og þau skipulögð til lengri tíma en áður. Á næstu árum þurfi aðhald og hófsemi í fjármálum að verða að eðlilegum og sjálfsögðum hlut við rekstur fyrirtækja, heimila og hins opinbera.

Þegar ný ríkisstjórn tók við í apríl 1995 var ákveðið að skipa nefnd beggja stjórnarflokkanna til að yfirfara skýrsluna og leggja fram framkvæmdaáætlun um bætta samkeppnisstöðu Íslands. Formaður nefndarinnar var Sigurður Helgason forstjóri Flugleiða. Skýrsla nefndanna og framkvæmdaáætlun liggja hér frammi og hefur Sigurður Helgason þegar gert grein fyrir efni þeirra í stærstum dráttum. Eins og Sigurður nefndi má sjá að töluvert hefur áunnist af því sem nefnt var í henni.

VII. Tillögur um næstu verkefni við að bæta samkeppnisstöðuna

Í framhaldi af niðurstöðum þessarar vinnu tel ég að leggja beri áherslu á efrifarandi sjö atriði til þess að treysta samkeppnisstöðu Íslands í framtíðinni.

Í fyrsta lagi verður að leggja á það áherslu að ríkissjóðurskili **tekjuafgangi** sem fyrst þannig að unnt verði að grynna á erlendum skuldum á næstu árum. Til þess að draga úr ríkisútgjöldum þarf að sameina stofnanir, hætta starfsemi sem einkaaðilar geta alfarið sinnt og bjóða út rekstrarverkefni í auknum mæli. Þá þarf að gera breytingar á Lífeyrissjóði ríkisins þannig að stöðvuð verði sú skuldaförningun sem þar fer fram og leggjast mun þungt á komandi kynslóðir ef ekkert er að gert. (Athuga bókhald ríkisins, gjaldfærslu og óáþreifanlega fjárfestinguna ("Intangible investment")).

Í öðru lagi verður að setja menntamál á oddinn. Hinn heimsþekkti stjórnunarfræðingur Peter Drucker bendir á í nýlegri bók, The Post Capitalist Society að fyrir einungis 40 árum var annað hvert starf tengt framleiðslu. Árið 2010 er reiknað með að eitt af hverjum tíu störfum verði tengt framleiðslu. Bætt menntun er lykill að því að við getum betur tileinkað okkur nýja tækni og stuðlað að því að fyrirtæki skapi vel launuð störf í upplýsinga- og þjónustusamfélaginu. Við megum ekki dreifa kröftunum og eigum að nýta fjármuni betur. (Ekki þarf alltaf nýja fjármuni - höfum sett fé í grunnskólann.)

Í þriðja lagi þurfum við að efla samkeppni og athafnafrelsi. Um þriðjungur atvinnustarfseminnar í landinu er rekinn án þess að um nokkra samkeppni sé að ræða. Á öllum sviðum ber að skoða hvernig efla megi samkeppni. Það á ekki síst við um fjármálamarkaðinn, samgöngu- og fjarskiptakerfið, orkugeirann og loks stofnanir á borð við sjúkrahús og skóla. Á þessum sviðum má koma á aukinni samkeppnisvitund m.a. með því að auka sjálfstæði stofnana og heimila innlendum og erlendum einkafyrirtækjum að keppa við þau fyrirtæki og stofnanir sem fyrir eru. Þá ber að skoða hvernig efla megi samkeppni á vinnumarkaði. Athafnafrelsi leysir einnig úr læðingi kraft, sem felst í atvinnuþátttöku kvenna, þegar launamyndun er ókynbundin. Loks legg ég áherslu á aukið viðskiptafrelsi og markaðssókn á sem flestum sviðum. Um leið og við óskum eftir að lönd opni landamæri sín fyrir okkar vörum og þjónustu verðum við að gera slíkt sama, enda er gagnkvæmur ávinningur af auknum viðskiptum.

Í fjórða lagi þurfum við að sjá til þess að skattalegt umhverfi verði fyrsta flokks á Íslandi. Skatttekjur ríkissjóðs sem hlutfall af landsframleiðslu eru með því lægsta sem þekktist í Evrópu. Byggja þarf einfalt og hagkvæmt skattkerfi sem gefur íslenskum fyrirtækjum forskot í samkeppni við fyrirtæki í samkeppnislöndum. Í tekjuskattkerfinu þarf að lækka jaðarskatta til að hvetja fólk til að vinna.

Í fimmta lagi þarf að opna fyrir erlendar fjárfestingar. Gefa þarf erlendum fjárfestum meira svigrúm hérlendis m.a. í sjávarútvegi og vinnslu. Í stað þess að byggja eingöngu á erlendu lánsfé er eðlilegt að leita eftir áhættufé frá erlendum fjárfestum sem í vissum tilvikum geta að auki lagt til tækni- og markaðsþekkingu. (Einnig þarf að örva útflutning á sviðum þar sem atvinnulífið er sterkt.)

Í sjötta lagi þarf að gera Ísland að öflugum upplýsingaþjóðfélagi. Bill Gates stofnandi Microsoft í Bandaríkjunum gaf nýlega út bók sem ber heitið "The Road Ahead". Þar segir hann m.a. að fámennari svæði geti notað upplýsingabyltinguna til þess að tryggja framgang sinn. Einangrun minni svæða og byggða rofnar með upplýsingabyltingunni og framtíðin er því björt fyrir fámenn lönd eins og Ísland ef við höldum rétt á málum, treystum samkeppnisstöðu okkar og tökum fordóma- og hindrunarlaust á móti þeim breytingum sem í vendum eru.

Í sjöunda lagi þurfum við einfalt og skilvirkt opinbert stjórnkerfi, þar sem hægt er að taka skjótar ákvarðanir. Víða annars staðar þar sem stjórnsýslustig eru fleiri en hér háir flókin og seinvirk stjórnsýsla atvinnulífinu. Hlutverk ríkisins á að vera að liðka fyrir fólk og fyrirtækjum en ekki að þvælast fyrir. (Dæmi: Pappírslaus viðskipti.) Snæðin: Styrkur ekki veikleiki.

VIII. Verkefni stjórnmalanna:

Eins og ég sagði í upphafi þurfa stjórnmalamenn að þekkja sín takmörk og ætla ekki ríkinu að standa í atvinnurekstri. Slík starfsemi á að vera í annarra höndum. Þetta þýðir hins vegar ekki að þeir eigi að sitja með hendur í skauti og bíða þess sem verða vill.

Mikilvægasta verkefni stjórnmalamanna er að móta stefnu og skýra framtíðarsýn sem hefur fyrst og fremst að markmiði að efla frelsi og ábyrgð. Það er lykilatriði að okkur sé öllum ljóst hvert sé



stefnt og af hverju. Það tryggir að samhengið sé ljóst og að fólk hafi trú á nauðsynlegum aðgerðum. Það er m.ö.o. ekki nóg að ráða yfir gangmiklu skipi, ef enginn er áttavitinn og stýrið óvirkt. (Stöðugleikinn opnar nýja sýn.)

Til að ná árangri þurfa allir að leggja sitt af mörkum, einstaklingar, fyrirtæki og stjórnvöld. Hlutverk einstaklinga og fyrirtækja er afar mikilvægt. Hversu skilvirkt og samkeppnishæft sem við viljum að skólakerfið sé getur t.d. ekkert komið í staðinn fyrir þátttöku foreldra í skólastarfinu. Hversu öflug sem rannsókn- og þróunaraðstoð stjórnvalda verður getur hún aldrei komið í staðinn fyrir þann áhuga sem þarf að vera hjá fyrirtækjum til nýsköpunar. Frumkvæði og aðhald þarf að koma frá fólki og fyrirtækjum. (FI: Fólk er auðlind. Aflið verður að koma frá fyrirtækjunum.)

Traust samkeppnisstaða landsins þýðir að við getum keppt við aðrar þjóðir um vinnuafli og fyrirtæki. Þannig getur atvinnulífið lagt grunn að fjölbreyttum og vel launuðum atvinnutækifærum og góðum lífskjörum fyrir alla landsmenn. Þess vegna þurfum við alltaf að vera vakandi yfir því að við séum að stefna í rétta átt - í átt til öflugra samkeppnisþjóðfélags á Íslandi.

Fjármálaráðherra

asköpunar og



Fjármálaráðherra

...asköpunar og

Órar breytingar í samfélaginu

- * EES samningurinn jók samkeppni
- * Skattkerfið endurskóðað
- * Innflutningsbann afnumið

Fjármálaráðherra

Grundvöllur nýrra tækifæra

- * Langvinnur stöðugleiki
- * Íslenskt atvinnulíf skari framúr

Fjármálaráðherra

Hver er samkeppnisstaða okkar?

- * Í 25. sæti yfir samkeppnishæfustu þjóðir heims.
- * Í 43. sæti í samanburði á athafna- og viðskiptafrelsi.

Fjármálaráðherra

*Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið
Íslands
26. september 1996
atvinnu*

*Ráðstefna um bættu samkeppnisstaðu
til aukinnar verðmætasköpunar og*